

Gjögur hf.
Kt.: 570169-0769
Heimilisfang: [...]

Akureyri, 30.03.2023
Tilv. 2022-09-19-2189

Efni: Svipting leyfis til veiða í atvinnuskyni. Brottkast. Áskell ÞH-48 (2958).

I. Málsvik

Fiskistofa hefur lokið meðferð máls er varðar meint brot áhafnar, og eftir atvikum útgerðar fiskiskipsins Áskell ÞH-48, skipaskrárnúmer 2958, gegn 2. mgr. 2. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996, þann 29. ágúst 2022. Lögskráður skipstjóri í umræddri veiðiferð, er mál þetta varðar, var A, kt. [...].

Málið hófst með skýrslu veiðieftirlitsmanns, dags. 19. september 2022, þar sem fram kemur að þann 29. ágúst 2022 hafi veiðieftirlitsmaður verið um borð í varðskipi Landhelgisgæslu Íslands, Þór RE-0 (2769), við sameiginlegt eftirlit eftirlitsaðila með fiskveiðum úti fyrir Vestfjörðum. Hafi starfsmenn LHG stýrt flugi ómannaðs fjarstýrðs loftfars, sem hafi verið flogið af varðskipinu kl. 09:05 í áætlað eftirlitsflug á Vestfjarðarmiðum. Streymt hafi verið upptöku frá loftfarinu yfir í varðskipið þar sem stjórnendur aðgerða á vegum LHG og veiðieftirlitsmaður Fiskistofu fylgdust með því sem fram fór. Hafi loftfarinu verið flogið yfir skuttogarann Áskell ÞH-48 (2958) um kl. 11:24 í því skyni að fylgjast með veiðum skipsins. Var loftfarinu flogið yfir skipinu í um 48 mínútur frá kl. 11:24 til kl. 12:12 og er myndbandsupptaka af umræddu flugi meðal gagna málsins. Þegar upptaka hófst var staðsetning fiskiskipsins Áskell ÞH-48 (2958) 66°10'67N - 024°31'75V og þegar henni lauk 66°15'27N - 024°31'20V.

Í myndbandinu sést að áhöfn fiskiskipsins var nýbúin að hífa trollið um borð, sem var fullt af fiski, og aðgerð hafin á veiddum aflu. Var myndavél loftfarsins beint að lúgu (lensport) neðarlega á stjórnborðssíðu fiskiskipsins. Á myndbandinu sést þegar allt að sjötíu og fjórir (74) fiskar, af aflu sem komið hafði í veiðarfæri fiskiskipsins, koma út um lúguna með þeim afleiðingum að hann féll aftur í sjóinn. Myndbandið sýnir að út um lúguna féllu mestmegnis ufsar og annar bolfiskur sem skylt er að hirða og landa. Af þeim sökum er áhöfn fiskiskipsins Áskell ÞH-48 (2958) grunuð um að hafa brotið gegn ákvæði 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996, með því að hafa ekki hirt og landað framangreindum aflu sem komið hafði í veiðarfæri fiskiskipsins umræddan dag.

II. Rannsókn Fiskistofu

Þar sem fiskiskipið Áskell ÞH-48 (2958) er yfirbyggt taldi Fiskistofa nauðsynlegt að rannsaka nánar aðstæður um borð þar sem hvorki sást til skipverja að störfum á vinnsluþilfari né með hvaða hætti afli rann út um lensport skipsins og hafnaði í sjó þann 29. ágúst 2022. Fóru veiðieftirlitsmenn Fiskistofu um borð í skipið þann 14. febrúar 2023, þar sem það lá við festar í Hafnarfjarðarhöfn, í því skyni að rannsaka nánar aðstæður um borð. Tóku þeir upp fjögur myndbönd sem sýna leið aflu, sem kemur í veiðarfæri, að lensporti. Við rannsókn um borð kom

Í ljós að veiddur aflur kemur niður í móttökuna í gegnum tvær móttökulúgur á vinnsludekki. Fiskurinn rennur úr þeim eftir færriböndum að blóðgunar- og flokkunarbandi. Þar er fiskur blóðgaður og er fiskurinn síðan settur yfir í þvottavél fyrir blóðgaðan fisk sem staðsett er á móti blóðgunar-/flokkunarbandi. Sé fiskur ekki fjarlægður af framangreindu færribandi endar hann annað hvort ofan í stálröri og þaðan út í sjó um lensport á stjórnborðssíðu skipsins eða á öðru bandi sem liggur niður í lest (fiskur sem ekki er blóðgaður, t.d. karfi). Við enda færribandsins er loki/hlið sem stýrir því hvort aflinn endar ofan í framangreindu röri eða renni beint niður í lestina. Aukategundir, slóg, lifur og annað sem fellur til við verkun afla um borð er sett í rennu og fer eftir henni aftur með skipi niður að loka og niður í lest þar sem því er safnað í kar. Þær aukategundir eða slóg sem menn vilja ekki fá niður í karið er hægt að safna í sérstök hölf við rennuna. Þeim er svo hægt að fleyta eftir áður nefndri rennu að hinum enda hennar niður í stálrör sem sameinast framangreindu stálröri við enda blóðgunar-/flokkunarbands í móttökunni þar sem aflinn er blóðgaður. Eins og áður segir endar það rör í tíðnefndu lensporti og út í sjó. Hvorki við enda færribands í móttöku né við rennuna eru ristar eða grindur til að hindra að heill fiskur komist þar í gegn og falli ofan í stálrörið. Þykir rannsókn Fiskistofu hafa leitt í ljós að sé aflur ekki fjarlægður af færribandi í móttökunni fyrir tilstilli skipverja fellur hann í stálrör og þaðan út um lensportið og aftur í sjó, sé lokinn/hliðið ekki fyrir enda bandsins. Jafnframt getur aflur lent í framangreindri rennu fyrir tilverkan skipverja og þaðan ofan í stálrör og þaðan út um lensportið og aftur í sjó. Af þeim sökum er ljóst að sá aflur sem sást renna út í sjó út um lensport skipsins þann 29. ágúst 2022, gerði það ýmist sökum athafnaleysis áhafnar, með því að fjarlægja ekki afla af blóðgunar-/flokkunarbandi í móttöku, eða með athöfn (beinum ásetningi), með því að henda fiski í framangreinda rennu.

III. Athugasemdir málsaðila

Vísað er til erindis Fiskistofu, dags. 25. nóvember 2022 (tilv. 2022-09-19-2189), vegna meintra brota áhafnar, og eftir atvikum útgerðar fiskiskipsins Áskell ÞH-48 (2958) þann 29. ágúst 2022. Þar var málsaðila tilkynnt um að málið hafi verið tekið til meðferðar og málsatvikum lýst, leiðbeint um lagaatriði og aðila málsins gefinn kostur á að koma andmælum og athugasemdum á framfæri í samræmi við 13. og 14. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 áður en afstaða yrði tekin til þess hvort brot hafi verið framin og eftir atvikum ákvörðun um viðurlög. Þá var málsaðila jafnframt tilkynnt að Landhelgisgæsla Íslands hafði þegar kært meint brot til lögreglu. Var málsaðila leiðbeint um rétt sinn til að neita að bera á sig sök og að hvorki áhafnarmedlimum né forsvarsmönnum útgerðarinnar væri skylt að tjá sig um meint brot sem til rannsóknar væri hjá Fiskistofu. Þann 12. desember 2022 bárust Fiskistofu athugasemdir í tölvupósti frá B, framkvæmdastjóra málsaðila. Málsaðili kvað málið vera mikil vonbrigði. Það væri vonbrigði að nytjafiskur og tegundir sem útgerðin hefur aflaheimildir fyrir hafi farið út um lensport skipsins. Hafi málsaðili strax farið yfir málið með hlutaðeigandi áhöfn og ítrekað fyrir henni að brottkast sé ekki liðið enda málsaðila mikið í mun að starfa eftir lögum og reglum sem um starfsemina gilda. Þá benti málsaðili á að ákveðnar tegundir flatfiska, skemmdur fiskur og annar fiskur sem ekki sé hægt að nýta og hefur lítið verðgildi hafi oft á tíðum verið vandamál hjá sjómönnum og úr þeim málum þyrfti að leysa. Þá þurfi verklag hjá áhöfninni að vera í samræmi við gildandi reglur. Þá taldi málsaðili eðlilegt að Fiskistofa tæki málið til meðferðar en að mati málsaðila gæti Fiskistofa ekkert aðhafst frekar í málinu þar sem Landhelgisgæsla Íslands hafi kært málið til lögreglu. Því til rökstuðnings vísaði málsaðili til meginreglu íslensks réttarfars um bann við endurtekinni málsmeðferð og tvöfaldri refsingu. Þá óskaði málsaðili eftir að fá afhenta myndbandsupptöku málsins á sama tíma og hann lagði fram athugasemdir sínar þann 12. desember 2022. Voru þær afhentar málsaðila með rafrænum hætti þann 20. desember 2022

og málsaðila einnig gefinn kostur á að leggja fram viðbótar athugasemdir til 4. janúar 2023. Engar athugasemdir eða andmæli málsaðila bárust Fiskistofu fyrir þann tíma.

Í kjölfar rannsóknar Fiskistofu um borð í skipinu þann 14. febrúar 2023 var málsaðila sent erindi þann 23. febrúar sl. þar sem skoðun Fiskistofu var lýst. Fram kom að rannsóknin hafi leitt í ljós atriði sem gætu verið málsaðila í óhag og haft verulega þýðingu fyrir úrlausn málsins. Af þeim sökum var málsaðila gefinn kostur á að leggja fram viðbótar athugasemdir fyrir 10. mars 2023. Jafnframt var málsaðila sendar myndbandsupptökur sem veiðieftirlitsmenn tóku upp um borð við skoðun á skipinu. Þann 10. mars 2023 bárust athugasemdir í tölvupósti frá B f.h. málsaðila. Hafi málsaðili farið yfir þau myndbönd sem hann fékk frá Fiskistofu. Málsaðili gekkst við því að á myndbandinu frá 29. ágúst 2022 sjást allt að 74 fiskar koma út um lúgu skipsins og falla þaðan aftur í sjó. Málsaðili vísaði til þess að það virtist vera um álitlegan fisk að ræða og væri málsaðila ekki ljóst af hvaða hvötum áhafnar meðlimir ættu að hafa látið fiskinn renna út um lúguna með ásetningi. Hlytu brotin að hafa orðið vegna handvammur áhafnar sem fól í sér óútskýranlegt athafnaleysi og þar með um gáleysisbrot að ræða frekar en ásetningsbrot. Harmaði málsaðili brotið og kvaðst ætla gera allt sem í hans valdi stæði til að koma í veg fyrir að slíkt endurtæki sig. Þá vísaði málsaðili til þess að þetta sé í fyrsta skipti sem slíkt tilvik kemur upp á skipinu og lítill sem enginn ávinningur fólgin í brotinu fyrir útgerðaraðila, þvert á móti væru brotin útgerðinni til tjóns frekar en ávinnings. Með hliðsjón af því taldi málsaðili rétt að honum yrði veitt skrifleg áminning á grundvelli 3. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996. Að öðru leyti vísaði málsaðili til athugasemda sinna frá 12. desember 2022.

IV. Lagagrundvöllur

Í 2. mgr. 2. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996, segir að skylt sé að hirða og koma með að landi allan afla sem kemur í veiðarfæri fiskiskipa. Ráðherra hefur þó heimild til að ákveða í reglugerð að fiski af verðlausum tegundum sé ekki landað heldur varpað í sjóinn, sbr. reglugerð um nýtingu afla og aukaafurða nr. 468/2013. Slík reglugerðarákvæði skulu túlkuð þröngt. Brot gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 geta varðað stjórnsluviðurlögum, þ.e. sviptingu leyfis til veiða í atvinnuskyni skv. 1. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 eða skriflegum áminningum skv. 3. mgr. 15. gr. sömu laga. Þá getur brot gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 jafnframt varðað refsingum, sektum eða fangelsi allt að sex árum, skv. 23. gr. sbr. 24. gr. sömu laga. Brot gegn 2. mgr. 2. gr. telst fullframið hvort sem það er með refsinnæmri athöfn eða athafnaleysi og hvort sem það er framið af ásetningi eða gáleysi. Þá er í 24. gr. laganna lögfest hlutlæg refsíabyrgð einstaklinga og lögaðila gegn ákvæðum laganna, að nánari skilyrðum uppfylltum.

V. Niðurstaða og rökstuðningur

Eins og að framan er greint var áhöfn fiskiskipsins Áskell ÞH-48 (2958) uppvís að brottkasti við sameiginlegt eftirlit veiðieftirlitsmanns Fiskistofu og LHG úti fyrir Vestfjörðum þann 29. ágúst 2022. Í athugasemdum vísaði málsaðili til þess að Fiskistofa gæti ekki tekið málið til meðferðar þar sem LHG hefði kært málið til lögreglu. Því til rökstuðnings vísaði málsaðili til meginreglu íslensks réttarfars um bann við endurtekinni málsmeðferð og tvöfaldri refsingu. Að mati Fiskistofu eiga sjónarmið um tvöfalda refsingu og endurtekna málsmeðferð ekki við í máli þessu þar sem kæra LHG beinist gegn skipstjóra fiskiskipsins Áskell ÞH-48 (2958) í umrætt sinn, en stjórnslumáli þessu er hins vegar beint gegn útgerð skipsins, Gjögur hf. Kæra til lögreglu útilokar ekki að annar aðili verði hugsanlega beittur stjórnsluviðurlögum vegna sama atviks.

Eftir skoðun á myndbandsupptöku frá 29. ágúst 2022 gekkst málsaðili við því að þar sjást allt að 74 fiskar koma út um lúgu skipsins og falla þaðan aftur í sjó. Að hans sögn er ekki ljóst af hvaða hvötum áhafnar meðlimir ættu að hafa látið fiskinn renna út um lúguna með ásetningi. Hlytu brotin að hafa orðið vegna handvammur áhafnar sem fól í sér óútskýranlegt athafnaleysi. Harmaði málsaðili brotið og taldi það vonbrigði að nytjafiskur og tegundir sem útgerðin hefur aflað heimildir fyrir hafi farið út um lensport skipsins. Með hliðsjón af 3. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 taldi málsaðili rétt að sér yrði veitt skrifleg áminning enda um fyrsta brot að ræða sem hefði ekki haft neinn ávinning í för með sér fyrir útgerðina, þvert á móti væru brotin útgerðinni til tjóns. Verður tekin afstaða til sjónarmiða málsaðilia hvað þessi atriði varðar hér að neðan.

Málatilbúnaður Fiskistofu byggir á skýrslu veiðieftirlitsmanns þar sem hann lýsir því sem hann upplifir af eigin raun við skyldustörf. Í henni er eftirliti úti á vettvangi og greiningu á myndbandsupptökum málsins gerð skil. Eftirlitsaðferðin í umrætt sinn fólst í því að veiðieftirlitsmaður, ásamt starfsmönnum LHG, framkvæmdu eftirlit með aðstoð ómannaðs, fjarstýrðs loftfars búíð myndupptökubúnaði, þar sem myndefnið var sýnilegt þeim í rauntíma og einnig var myndefnið að hluta til tekið upp. Veiðieftirlitsmenn Fiskistofu eru sérfróðir opinberir starfsmenn, m.a. um greiningu á tegundum nytjafiska, og hafa enga hagsmuni af úrlausn mála. Í málinu liggur fyrir myndbandsupptaka og á henni sést þegar tilgreindur afli, sem komið hafði í veiðarfæri skipsins, féll út um tíðnefnt lensport, í veiðiferð skipsins þann 29. ágúst 2022. Rannsókn Fiskistofu, dags. 14. febrúar, um borð í skipinu, hefur enn fremur varpað ljósi á verknaðaraðferð í umræddri veiðiferð þegar afli, sem komið hafði í veiðarfæri skipsins, fellur aftur í sjó út um lensport. Skipið er yfirbyggt og sést því hvorki til skipverja að störfum á vinnsludekki né þegar afli lenti af blóðgunar-/flokknarbandi í stálröri og þaðan út í sjó um lensport á stjórnbörðssíðu skipsins. Ljóst er að loki/hlið hefur verið fjarlægð svo fiskur sem ekki var fjarlægður af bandinu endaði út um lensportið. Við lensportið er hvorki rist né grind til að hindra að heill fiskur komist þar í gegn.

Fiskistofa telur ljóst að afli sem komið hefur í veiðarfæri skips, fellur ekki út um lensport án aðkomu áhafnar um borð (með athöfn eða athafnaleysi), a.m.k. ekki í því magni sem um ræðir í máli þessu. Þó svo ekki megi greina saknæma háttsemi skipverja í umrætt skipti, þá er að mati Fiskistofu um fullframin brot áhafnar að ræða gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 með vísun til 2. másl. 24. gr. sömu laga, þegar afli sem hafði komið í veiðarfæri skipsins fellur í sjó, enda brotin til þess fallin að hafa í för með sér fjárhagslegan ávinning eða sparnað útgjalda til málsaðila í skilningi ákvæðisins og vísað er til að neðan. Jafnframt er að mati Fiskistofu, á grundvelli rannsóknar stofnunarinnar um borð í skipinu, ljóst að sá afli sem sést renna út í sjó út um lensport skipsins, hafi gert svo sökum beins athafnaleysis áhafnar skipsins í umrædd skipti.

Athafnaleysi fellur undir hugtakið frumverknað, þegar það er virt í ljósi ákveðinnar (lögbundinnar) athafnaskyldu að viðlagðri refsíðabyrgð (brot á boðreglum) án tillits til hugsanlegra afleiðinga hennar og atvika að öðru leyti, þ.e. skyldu áhafnar til að hirða og landa þeim afla sem kom í veiðarfæri skipsins skv. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996. Skyldan felst í ákveðinni athöfn, þ.e. ytri hreyfingu áhafnar að störfum á vinnsludekki, um að fjarlægja afla af færibandinu við flokkun til að koma í veg fyrir að hann fari aftur út í sjó. Hér reynir á það hvort þeim er skyldan hvílir á, þ.e. áhöfn í umrætt skipti, hafi verið kleift að inna hana af hendi. Að mati Fiskistofu var ekkert því til fyrirstöðu fyrir skipverja, eins og fyrirkomulagi er háttað um

borð í skipinu, að fjarlægja aflann af færibandinu áður en hann rann óáreittur útbyrðis. Af þeim sökum hafi áhöfn gerst brotleg gegn ákvæði 2. mgr. 2. gr. framangreindra laga með því að hafa látið undir höfuð liggja að bregðast við með þeim hætti sem til var ætlast af þeim og lög kveða á um við framkvæmd veiða, þ.e. hindra að fiskur sem komið hafði í veiðarfæri skipsins félli útbyrðis um lensportið.

Á umræddri myndbandsupptöku sést þegar allt að sjötíu og fjórir (74) fiskar, mestmegnis ufsar og annar bolfiskur sem skylt er að hirða og landa, fellur útbyrðis og tekur ákvörðun Fiskistofu mið af því. Ekkert hefur komið fram í málinu sem dregur skýrslu veiðieftirlitsmanns eða önnur gögn málsins í efa, né hefur málsaðili véfengt málsatvik eins og þeim hefur verið lýst. Markmið málsmeðferðar stofnunarinnar er að leiða hið sanna og rétta í ljós með hliðsjón af þeim sönnunarkröfum sem gilda í stjórnsýslumálum en um þau gilda almennar sönnunarreglur. Umrætt myndband sýnir með skýrum hætti að tilgreindur afli féll fyrir borð í umræddu fiskiskipi umræddan dag. Einnig liggja fyrir myndbönd sem sýna aðstæður um borð á vinnsluþilfari skipsins. Um er að ræða hlutlæg sönnunargögn sem að mati Fiskistofu hafa mikla þýðingu við úrlausn málsins. Sönnunargildi og áreiðanleiki þeirra vegur þungt í því heildarmati sem Fiskistofa leggur á málið við ákvörðun sína. Að mati Fiskistofu telst mál þetta vera nægilega upplýst og atvik og staðreyndir málsins, sem þýðingu hafa að lögum, vera sönnuð, með vísan til rannsóknarreglu 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Með vísan til málsatvika og eðli brota, vitnisburðar veiðieftirlitsmanna, gagna málsins, og þess sem að framan greinir er það niðurstaða Fiskistofu, að áhöfn fiskiskipsins Áskell ÞH-48 (2958), hafi brotið gegn lögum um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 með því að hafa ekki hirt og landað þeim tilgreinda afla sem að framan er getið, og komið hafði í veiðarfæri, í veiðiferð skipsins 29. ágúst 2022.

Háttsemi áhafnar fiskiskipsins Áskell ÞH-48 (2958) er talin varða við 2. mgr. 2. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996.

Í 3. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 segir að þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. sama ákvæðis skuli Fiskistofa veita hlutaðeigandi útgerð skriflega áminningu vegna fyrsta minniháttar brots. Við mat á því hvort um minniháttar brot sé að ræða er m.a. litið til þess hvort ætla megi að brot hafi í för með sér umtalsverðan ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerð og/eða tengda aðila, fjölda brota, hversu mikilvægum hagsmunum brot ógnar og hvort það hefur verið framið af ásetningi eða gáleysi. Að sama skapi telst brot meiriháttar ef verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brots.

Líta verður til markmiða laga nr. 57/1996 við mat á þeim hagsmunum sem brotin ógna. Lögunum er ætlað að tryggja tvö meginatriði. Í fyrsta lagi að öllum afla sem komi í veiðarfæri skips sé landað í viðurkenndri höfn og í öðru lagi að allur afli sé veginn og skráður. Í máli þessu er litið til þess að brotin voru til þess fallin að hafa í för með sér ávinning fyrir hlutaðeigandi útgerðaraðila og/eða tengda aðila, þar sem verðmeiri eða söluvænlegri afli (sóknartegundir, s.s. þorskur) var tekinn að landi og aflaheimildum, eftir atvikum, ekki ráðstafað í þann afla sem kastað var. Fiskistofa fellst því ekki á sjónarmið málsaðila um að brotin hafi verið útgerðinni til tjóns. Brotin ógna jafnframt hagsmunum sem tengjast aflaskráningu. Fiskveiðistjórnunarkerfið byggir á því að aflaskráning gefi rétta mynd af því hve mikið er veitt úr sameiginlegri auðlind þjóðarinnar og jafnframt hvort afli tiltekens skips sé innan veiðiheimilda þess. Mikilvægir almannahagsmunir eru jafnframt fólgnir í því að upplýsingar um veiðar úr nytjastofnum sjávar séu réttar svo hægt sé að áætla stofnstærð og hámarks



afkastagetu. Góð umgengni um nytjastofna sjávar er þýðingarmikil í því skyni að stuðla að því að þeir verði nýttir með sjálfbærum hætti er tryggi til langs tíma hámarksafurkastur fyrir íslensku þjóðina.

Þá hafa aðstæður um borð á vinnsludekki skipsins og færribönd verið rannsökuð af Fiskistofu. Á grundvelli þeirrar rannsóknar, studda myndbandsupptökum, er það talið hafið yfir skynsamlegan vafa að brotin hafi hið minnsta verið framin af refsinaemu beinu athafnaleysi áhafnar að störfum við flokkun. Ógerningur er að leggja mat á hvort að um meðvitund gáleysisbrot eða ásetningsbrot hafi verið að ræða (dulin sök) þar sem skipið er yfirbyggt, en það kemur ekki að sök þar sem brotin teljast fullframin hvort sem það er af ásetningi eða gáleysi. Að auki teljast brotin fullframin á grundvelli hlutlægrar refsíabyrgðar 24. gr. laga nr. 57/1996 eins og rakið hefur verið. Fiskistofa leggur ekki mat á undirrót verknaðar (hvatir) enda eru hvatir ekki sjálfstæð huglæg refsiskilyrði við broti á 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996. Hvað geranda hefur gengið til verksins getur þó haft áhrif við ákvörðun viðurlaga. Hvatir ber því að taka til greina sé sýnt fram á, að þeim sé til að dreifa, en svo er ekki í máli þessu.

Við mat á alvarleika brota lítur Fiskistofa til fjölda fiska sem varpað var fyrir borð í umræddri veiðiferð, þ.e. allt að 74 fiskar á 48 mínútum. Jafnframt lítur Fiskistofa til alvarlegs aðgæsluleysis skipverja, þeirra hagsmuna sem verknaðurinn beindist að í umrætt sinn og magn þess afla, sem féll óhindraður útbyrðis í umsjá áhafnar í trássi við settar háttisreglur og þá athafnaskyldu sem á henni hvíldi. Af málsatvikum og gögnum málsins megi ætla, að skipverjar hafi flokkað afla, sem komið hafði í veiðarfæri, eftir tegundum, stærð og verðgildi, og látið hjá líða að hirða verðminni afla en hirt vænni afla. Jafnframt megi ætla að afli af öðrum tegundum en sóknartegundum (s.s. þorskur), hafi frekar fallið útbyrðis en ella. Að mati Fiskistofu voru brot áhafnar alvarleg og gefur sterklega til kynna að brottkast með framangreindum hætti sé viðhaft um borð í umræddu skipi málsaðila í andstöðu við háttisreglur laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 og grundvallar markmið þeirra um sjálfbæra nýtingu fiskistofna og góða umgengni um auðlindir sjávar. Málsaðili stundar fiskveiðar í atvinnuskyni og í hans þágu starfa menn sem hafa sjómennsku að atvinnu. Gera verður þá kröfu til áhafnar að háttsemi hennar og framgangsmáti endurspegli gegnan og skynsaman atvinnusjómann, með hliðsjón af þeim háttisreglum sem gilda um fiskveiðar hverju sinni. Þá ber málsaðili ábyrgð á því að veiðar fiskiskipa í hans útgerð séu í samræmi við gildandi lög og reglur og þá sérstaklega að framkvæmd veiða brjóti ekki í bága við ákvæði 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996. Það er því á ábyrgð útgerðaraðila, að verklag við veiðar sé í samræmi við lög, um borð í þeim fiskiskipum sem hann gerir út og að allur aðbúnaður og tækjakostur sé fullnægjandi.

Í 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996 segir að við fyrsta brot, sem varðar sviptingu veiðileyfis, skal leyfissvipting ekki standa skemur en eina viku og ekki lengur en tólf vikur eftir eðli og umfangi brots. Það er niðurstaða Fiskistofu að um ámælisverð brot sé að ræða, framin á skömmum tíma og til hagsbóta fyrir málsaðila, og voru brotin meiriháttar með hliðsjón af magni afla sem varpað var frá borði. Af þeim sökum kemur hvorki áminning né lágmarks leyfissvipting til greina og að mati Fiskistofa væri svipting leyfis til veiða í atvinnuskyni hæfilega ákvörðuð þrjár vikur með hliðsjón af fyrri ákvörðunum Fiskistofu í sams konar málum. Nokkur dráttur hefur orðið á meðferð málsins hjá Fiskistofu sem málsaðila verður ekki um kennt. Brot áttu sér stað í ágúst 2022 og niðurstaða málsins liggur nú fyrir um sjö mánuðum síðar. Þá hefur málsaðili gengist við brotum áhafnar í umrætt sinn er litið til þess við ákvörðun um viðurlög. Þá eru engin fyrri brot sem hafa ítrekunaráhrif í máli þessu. Að því virtu telur Fiskistofa, og í ljósi þess að um



einstaka veiðiferð og fyrsta brot er að ræða, sem og atvika að öðru leyti með hliðsjón af meðalhófsreglu stjórnsluréttar, að umrædd brot varði sviptingu veiðileyfis í atvinnuskyni, skv. 1. sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996, í tvær vikur, enda ekki um minniháttar brot að ræða í skilningi 2. mgr. 2. gr. sömu laga.

Fiskistofa sviptir hér með fiskiskip málsaðila, Áskell ÞH-48, skipaskrárnúmer 2958, leyfi til veiða í atvinnuskyni í tvær vikur (14 daga) frá og með 1. maí 2023 og til og með 14. maí 2023, skv. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1996, vegna meiriháttar brota gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996. Ákvörðunin hefur ítrekunaráhrif í tvö ár frá og með dagsetningu ákvörðunar skv. 19. gr. laga nr. 57/1996.

Ákvörðun þessa má kæra til matvælaráðuneytisins, Borgatúni 26, 4. hæð, 105 Reykjavík, innan eins mánaðar frá því hún barst til málsaðila sbr. 18. gr. laga nr. 57/1996. Skal það gert skriflega eða með tölvupósti á netfangið mar@mar.is. Kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar. Vakin er athygli á því að ákvörðun þessi verður birt opinberlega á heimasíðu Fiskistofu í samræmi við 9. gr. laga um Fiskistofu nr. 36/1992.

Landhelgisgæsla Íslands hefur þegar kært brot málsaðila á 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 til lögreglustjórans á Suðurnesjum og óskað þess að þau verði tekin þar til rannsóknar í samræmi við lög um meðferð sakamála nr. 88/2008. Málalok málsins hjá Fiskistofu bindur ekki lyktir málsmeðferðar sakamáls hjá lögreglu.

